

Oddi bs - 6

Haldinn Laugum - fundarsal skrifstofu, 26.09.2016 og hófst hann kl. 13:00

Fundinn sátu: Þorgils Torfi Jónsson oddviti,
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir aðalmaður,
Sólrún Helga Guðmundsdóttir aðalmaður,
Nanna Jónsdóttir sveitarstjóri,
Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri,
Elín Grétarsdóttir varamaður,

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, Sveitarstjóri

Dagskrá:

Fundargerð

1. 1609003F - Oddi bs. - vinnufundur - 1

Fundargerðin lögð fram til kynningar og vísað til umfjöllunar um einstaka liði hennar.

1.1 1512030 - Vinnureglur stjórnar Odda bs

Tillaga um að fastsettir verði tveir fundardagar á ári þar sem stjórn Odda í hlutverki fræðslunefndar fundar með lögbundnum áheyrnarfulltrúum. Þessir fundir séu við upphaf og lok skólaárs. Um sé að ræða reglubundna fundi stjórnar Odda sem í þessum tilfellum séu helgaðir þeim málefnum sem falla undir verksvið fræðslunefndar lögum samkvæmt. Lagt er til að reglubundnir fundir stjórnar Odda í september og maí verði helgaðir fræðslunefndarmálum. Þetta árið verði þó miðað við næsta fund stjórnar Odda bs. Komi upp fræðslunefndarmálefni sem þörf er á að taka fyrir á öðrum tímum þá verði þau byggð inn í reglubundna fundi stjórnar Odda sem sér dagskrárlíður og áheyrnarfulltrúar boðaðir til setu á fundi undir þeim liðum. Liðir sem teljast sérstakir fræðslunefndarliðir eru sérstaklega auðkenndir í fundargerðum stjórnar Odda. Lagt er til að bjóða skólastjóra Tónlistarskólans að sitja þessa tvo fundi sem áheyrnarfulltrúi.

Samþykkt samhljóða.

1.2 1609014 - Verkefnaáætlun stjórnar Odda 2016-2017.

2.1. Mötuneytismál.

Tillaga um að fela NJ og ÁS að ræða við skólastjóra varðandi stefnu í mötuneytismálum til framtíðar og skila inn minnisblaði til stjórnar Odda.

Samþykkt samhljóða.

2.2 Íbúðir fyrir kennara.

Tillaga um að beina þeim tilmælum til sveitarstjórna Rangárbings ytra og Ásahrepps að ákveða fyrirkomulag varðandi úthlutanir íbúða til að tryggja það að grunn- og leikskólarnir hafi sem tryggastan og jafnastan aðgang að þeim íbúðum sem til ráðstöfunar eru.

Samþykkt samhljóða.

2.3 Gjaldskrármál.

Gjaldskrá Odda er samræmd fyrir skólana. Tíðkast hefur að foreldrar greiði fyrir ávaxtahressingu fyrir hádegi á Laugalandi en ekki á Hellu. Tillaga um að þetta verði samræmt að fullu og ekki tekið gjald fyrir heldur sé þetta innifalið í mötuneytisgjaldi frá og með 1. október.

Samþykkt samhljóða.

2.4 Húsvarsla.

Tillaga um að skoða fyrirkomulag húsvörslu og hvernig hún falli best að rekstri fasteigna skólanna nú þegar fyrirkomulagi Húsakynna bs hefur verið breytt og Odda bs komið á laggir. NJ og ÁS falið að skoða málið og ræða við skólastjórnendur og skila minnisblaði til stjórnar Odda bs á næsta fundi.

Samþykkt samhljóða.

2.5 Einkennismerki.

Tillaga um að koma upp einkennismerki fyrir Odda bs. Óskað verði eftir hugmyndum frá nemendum skólanna í samráði við skólastjórnendur.

Samþykkt samhljóða.

2.6 Skólaakstur og starfslýsingar.

Tillaga um að ÁS verði falið að fara yfir með skólastjórum öryggisatriði varðandi skólaakstur. Einnig varðandi starfslýsingar almennt og skili inn minnisblaði til stjórnar Odda bs. Jafnframt verði gengið eftir því að föst regla sé að allt starfsfólk Odda bs. og verktakar skili inn sakavottorði.

Samþykkt samhljóða.

1.3 1603046 - Yfirlit um fjölda rýma á leikskólum Odda bs.

Ekki er talinn grundvöllur fyrir sérstaka ungbarnadeild að sinni og því lagt til að pósthúsið verði sveitarfélaginu til annarrar ráðstöfunar í vetur - staðan verði síðan endurmetin næsta sumar.

Samþykkt samhljóða.

Almenn mál

2. 1609047 - Rekstraryfirlit Oddi 26092016

Yfirlit um rekstur byggðasamlagsins jan-ágúst.

KV fór yfir rekstur Odda bs. fram til 31.08.2016. Einnig var farið yfir afkomuspá fram til áramóta.

Gestir

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri - 14:45

3. 1609035 - Umsókn um námsstyrk til náms í leikskólafræðum.

Hafdís Ásgeirsdóttir hyggur á M.Ed. nám í leikskólafræðum og óskar eftir styrk sbr. reglur þar um.

Tillaga um að samþykkja umsóknina.

Samþykkt samhljóða.

[0066_001.pdf](#)

4. 1608022 - Foreldrafærninámskeið

Ósk um stuðning við foreldrafærninámskeið frá Félags- og skólaþjónustunni.

Erindið tekið fyrir og ÁS falið að funda með forstöðumönnum Félags- og skólaþjónustunnar og leita frekari upplýsinga um útfærslu stuðnings við verkefnið.

Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

5. 1609040 - Eftirlit í Leikskólann Heklukot

Skýrsla frá reglubundnu eftirliti HES.

Lagt fram til kynningar.

6. 1609031 - Rekstrarkostnaður grunn- og leikskóla - yfirlit 2015

Samantekt frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

[Rekstrarkostnaður á heilsdagsígildi e stærð leikskóla 2015](#)

[Rekstrarkostnaður á nemanda eftir stærð grunnskóla 2015](#)

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:45

[Til baka](#)

[Prenta](#)